



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÞAKKAR PEIM SEM KENNA ÍSLENSKU SEM ERLENT MÁL

Á degi íslenskrar tungu færði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, þeim sem kenna íslensku sem erlent mál þakkir við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Efnt var til móttöku fyrir fulltrúa Ísbrúar, félags kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál og afhenti forseti Þorbjörðu Halldórsdóttur, formanni Ísbrúar, þakkarskjal. Við sama tækifæri fengu forseti og allir gestir afhenta myndaorðabókina *Orð eru ævintýri* sem nýverið kom út hjá Menntamálastofnun. Í bókinni er grunnorðaforða íslenskunnar komið til skila með myndrænum hætti og er hún bæði ætluð börnum og nemendum sem læra íslensku sem annað mál.

Félagið Ísbrú var stofnað árið 1999. Það er vettvangur fyrir kennara til að fá og veita faglegan stuðning og fræðslu um nám og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á öllum skólastigum. Starf félagsins hefur vaxið ár frá ári eftir því sem innflytjendum fjölgar. Nemendur með erlenda bakgrunn nálgast nú 20% af heildarfjölda nemenda í íslensku skólakerfi.

Við athöfnina sagði forseti það þjóðarnauðsyn að fólk sem hingað flyst að utan og börn þeirra nái að læra íslensku eftir bestu getu og vilja.

16. nóvember 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).